Ed. **256. Nefndarálit** [51. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Grundvöllur að frumvarpi þessu var fyrst lagður með tillögum nefndar, sem skipuð var af framleiðsluráði landbúnaðarins 1952. Síðan hefur mál þetta nokkrum sinnum komið fyrir Alþingi og farið þar milli deilda án þess að fá fullnaðarafgreiðslu. Á þingi 1959 var frumvarpið samþykkt í Nd., en strandaði í Ed. Nú hefur landbn. Ed. haft það til meðferðar og athugunar á 3 fundum og sent það til umsagnar tilraunaráði jarðræktar, sem mælir með, að það verði samþykkt. Búnaðarþing 1959 mælti einnig með samþykkt þess.

Landbúnaðarnefnd telur, að mál þetta sé mikilsvert, og leggur til, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. marz 1960.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.